

Kópavogsbær
Skipulags- og byggingardeild umhverfissviðs
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík 15. janúar 2018
UST201711-179/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Kópavogs - Fossvogsbú

Vísað er til erindis skipulags- og byggingardeildar er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, Fossvogsbú.

Umhverfisskýrsla


Náttúrufar

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að tryggð verði full vatnaskipti til að vernda lífríki í fjöru, við ströndina og á grunnsævi. Eins og fram kemur í greinargerð eru friðlýst svæði staðsett fyrir innan áætlaða Fossvogsbú, og til þess að ekki verði gengið á verndargildi þeirra er mikilvægt að ástand Fossvogsbú verði áfram sem náttúrulegast með fullum vatnaskiptum og að forðast verði alla röskun á friðlýstum svæðum.

Hagrænir þættir og andrúmsloft

Umhverfisstofnun tekur undir það að brú yfir Fossvog er líkleg til að auka gæði byggðar á Kársnesi með bættum samgöngum fyrir gangandi, hjólandi og þá sem nýta almenningsvagna. Umhverfisstofnun tekur einnig undir það að umferð almenningsvagna um brúna mun auka umferð um núverandi götur og að það mun valda staðbundnum óþægindum vegna aukinnar umferðar. Umhverfisstofnun bendir á að líklega muni ferðum strætisvagna fjölga um Kársnesið þegar strætisvagnar fara að ganga yfir Fossvogsbú. Að mati stofnunarinnar er munur á því hvort það eru strætisvagnar eða hágæða raflest sem fer um Kársneshverfið, og þarf að mati stofnunarinnar að skoða það varðandi loftgæði og hljóðvist.

Umhverfisstofnun er fylgjandi Fossvogsbrú sem tæki til að auka breyttar ferðavenjur þ.m.t. almenningssamgöngur. Að mati stofnunarinnar er hágæða almenningssamgangnakerfi knúið rafmagni afar eftirsóknarvert. Þar til slíku kerfi verður komið á, eru almenningssamgöngur með strætisvögnum, og að mati Umhverfisstofnunar þarf að fylgjast með auknu álagi á loftgæði og hljóðvist í nágrenni brúarinnar.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Raket S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur